

Fimmtudaginn 19. desember 1996.

Nr. 131/1996.

**Íslandsbanki hf.**

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

**Sigríði Garðarsdóttur**

Ábyrgð. Tryggingarbréf. Veð. Skriflega flutt mál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1996 og krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti. Er málið flutt skriflega á grundvelli 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hinn 11. febrúar 1992 gaf Þormóður Jónsson, eiginmaður stefndu, út tryggingarbréf nr. 100485 til áfrýjanda, að fjárhæð 1.000.000 krónur, tryggt með veði í fasteigninni Hrísríma 34 í Reykjavík. Í héraði krafðist stefnda þess, að áfrýjandi yrði dæmdur til að framselja sér bréfið og afhenda sér það.

Eins og lýst er í héraðsdómi, er sú krafa studd þeim rökum, að stefnda sé réttur eigandi bréfsins, þar sem hún hafi greitt áfrýjanda að fullu skuld samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 1.000.000 krónur, út gefnu til áfrýjanda 21. september 1993. Hafi nefndur Þormóður tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld samkvæmt síðargreindu bréfi, þegar það var gefið út, á þeirri forsendu, að um væri að ræða fullnaðaruppgjör á persónulegum ábyrgðum hans gagnvart áfrýjanda. Á skuldabréfinu er að finna eftirfarandi áletrun: „Er skuldareiganda hér með sett að handveði (trb. nr.) tryggingarbréf nr. 100485.“

Áðurgreint tryggingarbréf var samkvæmt framansögðu gefið út til handa áfrýjanda. Hann er samkvæmt hljóðan þess eigandi veðréttar í fasteigninni Hrísríma 34. Efni nefndrar áritunar á skuldabréfið er ekki skýrt, og í málinu liggja ekki fyrir viðhlítandi skýringar á, hver hafi verið tilgangur með henni. Ekki verður fallist á, að

áritunin veiti sönnun þess, að áfrýjandi hafi með henni leyst útgefanda umdeilds tryggingarbréfs eða veðþola undan skuldbindingum samkvæmt efni bréfsins. Stefnda hefur ekki heldur sýnt fram á rétt sinn til bréfsins með öðrum hætti. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefndu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., er sýkn af kröfum stefndu, Sigríðar Garðarsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. febrúar 1996.**

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl., var þingfest með framlagningu stefnu og annarra sóknargagna 2. nóvember 1995.

Stefnandi er Sigríður Garðarsdóttir, kt. 051160-7469, Hrísríma 34, Reykjavík.

Stefndi er útibú Íslandsbanka hf., Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, kt. 411289-2639.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að afhenda stefnanda og framselja stefnanda að handveði tryggingarbréf nr. 100485, sem Þormóður Jónsson, kt. 270261-5239, Hrísríma 34, Reykjavík, gaf út í Reykjavík 11. febrúar 1992 til Íslandsbanka hf. til tryggingar öllum skuldum hans og/eða Góðs glers hf. (nú M.A.S. hf.), Hrísríma 34, Reykjavík. Þá er og krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti eftir mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmd til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins auk álags, er nemi virðisaukaskatti á málf lutningsþóknun.

Stefndi krafðist í greinargerð aðallega frávísunar málsins frá dómi. Í þinghaldi 17. janúar sl. var bókað samkomulag þess efnis, að málið yrði flutt í einu lagi um frávísunar- og efniskröfu. Í upphafi aðalmeðferðar féll stefndi frá frávísunarkröfu sinni.

#### II.

#### *Málavextir.*

Hinn 11. febrúar 1992 gaf Þormóður Jónsson, Hrísríma 34, Reykjavík, út til stefnda tryggingarbréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., til tryggingar greiðslu á

skuldum og fjárskuldbindingum hans og/eða Góðs glers hf., en Þormóður var einn eigenda þess fyrirtækis. Tryggingarbréf þetta, nr. 100485, var tryggt með 3. veðrétti í Hrísríma 34, en Þormóður Jónsson var þá eigandi þeirrar fasteignar. Fasteignin er nú þinglesin eign eiginkonu hans, stefnanda máls þessa.

Hinn 21. september 1993 gaf Gott gler hf. út skuldabréf til stefnda, að fjárhæð 1.000.000 kr., og tókst Þormóður Jónsson á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu. Í texta skuldabréfsins segir, að skuldareiganda sé sett „að handveði tryggingarbréf nr. 100485“.

Hinn 12. október 1995 greiddi stefnandi skuldabréfið, og er það áritað um greiðslu. Þá er einnig ritað á skuldabréfið, að það sé „Innleyst af Sigríði Garðarsdóttur 12/10 '95“. Með bréfi 19. október 1995 krafðist lögmaður stefnanda afhendingar tryggingarbréfsins, en því var hafnað.

Í málinu liggur fyrir, að Þormóður Jónsson ber sjálfskuldarábyrgð á tveimur skuldabréfum í eigu stefnda, sem nú eru í vanskilum. Annars vegar er um að ræða skuld skv. ódagsettu skuldabréfi, út gefnu af Sólveigu Ernu Jónsdóttur til stefnda, en vanskil þess námu 5. desember 1995 320.961 kr. Hins vegar er um að ræða vanskil skv. skuldabréfi, dags. 31. mars 1995, út gefnu af Jóni Óskari Ásmundssyni til stefnda. Skuld þess nam 5. desember sl. 116.488,80 kr.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er vísað til þess, að forráðamenn Góðs glers hf. hafi átt í viðræðum við stefnda síðari hluta árs 1993. Frá því hafi verið gengið, að Gott gler hf. gæfi út skuldabréf, dags. 21. september 1993, til stefnda. Af hálfu Þormóðs Jónssonar hafi það verið forsenda persónulegrar ábyrgðar hans á skuldabréfið, að um væri að ræða fullnaðaruppgjör á persónulegum ábyrgðum hans við stefnda, og jafnframt, að tryggingarbréfið yrði afhent við fullnaðargreiðslu skuldabréfsins. Þessu til áréttingar og staðfestingar hafi stefnda verið sett að handveði tryggingarbréf nr. 100485.

Stefnandi telur, að hann sé réttur handhafi tryggingarbréfsins, þar sem hann hafi innleyst umrætt skuldabréf, en skv. ákvæðum þess eigi skuldareigandi handveðsrétt í tryggingarbréfinu. Þann rétt hafi hann öðlast við innlausn á skuldabréfinu. Samkvæmt íslenskum rétti sé heimild til handveðsréttargerninga og framsals þeirra réttindi.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Sýknukrafa stefnda er aðallega reist á aðildarskorti stefnanda, sem sé ekki réttur aðili til að fá tryggingarbréfið afhent eða framselt að handveði. Tryggingarbréfið standi til tryggingar öllum skuldum útgefanda þess, Þormóðs Jónssonar. Viðskipti stefnda og þess aðila séu ekki útkljáð, enda skuldi hann

stefnda enn kröfur, sem falli undir tryggingarbréfið. Stefndi telur, að réttur aðili til að höfða mál til afhendingar tryggingarbréfsins sé útgefandi þess og þá einungis, hafi hann lögmæta kröfu til slíkrar afhendingar. Til vara styður stefndi sýknukröfu sína m. a. því, að hann hafi ekki framselt stefnanda neinar kröfur sínar. Á tryggingarbréfinu sé ekki að finna neina áritun um það frá stefnda, að fallið sé frá allsherjarveði því, er felst í bréfinu. Bréfið standi því til tryggingar öllum ógreiddum skuldum og ábyrgðum Þormóðs Jónssonar við stefnda.

Stefndi mótmælir því, að það hafi verið forsenda Þormóðs Jónssonar fyrir sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfið, að um fullnaðaruppgjör á persónulegum skuldbindingum stefnda hafi verið að ræða. Þessa fullyrðingu segir stefndi ranga, órökstudda og ósannaða, enda sé ekki að finna henni neina stoð í skjölum málsins. Með vísan til þess, að tryggingarbréfið sé sett stefnda að veði án nánari tilgreiningar, hafi stefndi litið svo á, að í bréfinu fælist allsherjarveð til tryggingar öllum skuldum útgefanda þess við stefnda, og séu þá engin útibú hans undanskilin. Þá séu engir fyrirvarar skráðir á tryggingarbréfið eða á skuldabréf það, sem stefnandi greiddi.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Hinn 11. febrúar 1992 gaf Þormóður Jónsson út tryggingarbréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., til stefnda. Því var ætlað að tryggja stefnda greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum útgefanda svo og Góðs glers hf. við stefnda, hvort sem þær væru samkvæmt víxlum, skuldabréfum, hlaupareikningsyfirdráttum og hvers konar ábyrgðum, í hvaða formi sem væru.

Hinn 21. september 1993 gaf Gott gler hf. út skuldabréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., til stefnda með sjálfskuldarábyrgð Þormóðs Jónssonar. Í skuldabréfinu er ákvæði, þar sem fyrrnefnt tryggingarbréf er sett skuldareiganda að handveði. Stefndi átti þá allsherjarveð í eignum Þormóðs Jónssonar fyrir öllum skuldum hans og Góðs glers hf. samkvæmt áðurnefndu tryggingarbréfi. Hafði því ákvæði þetta engan tilgang, nema tryggingarbréfið stæði aðeins til tryggingar skuld samkvæmt skuldabréfinu, svo sem stefnandi heldur fram. Umrætt skuldabréf er á skuldabréfaformi frá stefnda. Það var útfyllt og frá því gengið af starfsmönnum stefnda, eftir því sem upplýst var við aðalmeðferð málsins. Gera verður þær kröfur til stefnda sem innlánsstofnunar, að við frágang slíkra skjala sé skýrt og ótvírátt kveðið á um veðréttindi sem þessi. Vafa í því efni ber að skýra stefnda í óhag.

Það er því álit dómsins, að með handveðssetningu umrædds tryggingarbréfs til skuldareiganda skuldabréfsins hafi tryggingarbréfið þar með ein-

ungis staðið til tryggingar skuld samkvæmt skuldabréfinu, en ekki öðrum kröfum á hendur Þormóði Jónssyni samkvæmt tryggingarbréfinu.

Í málinu er óumdeilt, að stefnandi greiddi skuld, sem Góðu gleri hf. og /eða Þormóði Jónssyni bar að greiða stefnda samkvæmt skuldabréfinu. Líta verður svo á, að þar með hafi krafa samkvæmt skuldabréfinu verið að fullu efnd og fallið niður. Þar sem tryggingarbréfið stóð aðeins að baki skuld samkvæmt skuldabréfinu, féll veðréttur stefnda samkvæmt því niður. Stefnandi er eigandi húseignarinnar Hrísríma 34, en stefnda var veðsett sú húseign samkvæmt tryggingarbréfinu. Stefnandi hefur því lögvarða hagsmuni og jafnframt rétt til að fá það afhent, til að því megi aflýsa. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda í málinu til greina.

Stefnda ber að greiða stefnanda málskostnað, 100.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., skal afhenda stefnanda, Sigríði Garðarsdóttur, tryggingarbréf nr. 100485, sem Þormóður Jónsson gaf út í Reykjavík 11. febrúar 1992 til stefnda.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

---